

# Samantekt úr starfsmannakönnun Skólapúlsins 2015-2016



Almennar rekstrarupplýsingar

Matsþættir	Niðurst.	Viðmið
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks sem sinnir kennslu	11,1	10,6
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf	20,1	24,1
Hlutfall af heildarstöðugildum sem varið er i önnur störf en kennslu.	35,6 %	33,1 %
Hlutfall karlmanna sem sinnir kennslu	12,5%	18,6%
Hlutfall kennara án háskólamenntunnar	0%	1,5 %
Skipulagt samstarf	-	-
Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu	23,9 %	23,2%
Hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu	3,8 %	6,8%
Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál	5,9 %	5,6 %
Símenntunarskylda – fjöldi daga	0	5,0
Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á yngsta stigi	20,0	20,3
Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi	17,0	22,3
Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á unglingastigi	17,0	22,3
Fjöldi nemenda á hverja tölvu	5,2	5,5
Hlutfall far- og spjaldtölva	50,0 %	53,2%
Fjöldi nemenda á hverja gagnvirka töflu	174,3	149,1
Fjöldi nemenda á hvern skjávarpa	16,3	16,5
Fjöldi kennara um hverja nettengda tölvu	0,9	0,7

**Almennt (allt starfsfólk)**

Matsþættir	Niðurst.	Viðmið
Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldra	62,5%	65,8%
Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	0,6 skipti	1,2 skipti
Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	0,1 skipti	0,3 skipti
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	77,5%	68,5%
Gagnsemi starfsmannaviðtals	84,1%	82%
Tíðni áreitni meðal starfsfólks	21,3%	18,3%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	9,0%	9,8%

Hlutfall þeirra sem eru 40 ára heldur áfram að lækka og hefur lækkað um 10% frá fyrra ári. Fjarvera heila daga var ekki mælanlegt en ástæður fyrir fjarveru eru ýmiskonar, t.d. launalaust leyfi, samgöngur, læknisheimsóknir ofl. Fjarvera hluta úr degi er nokkuð undir landsmeðaltali og er sama og í fyrra. Fjöldi starfsfólks sem hefur farið í starfsmannaviðtal á árinu hefur hækkað töluvert eða um 20%. Starfsmannaviðtöl skólaliða voru seinna á skólaárinu en annara starfsmanna og það skýrir að miklu leiti þessar niðurstöður. Af þeim sem höfðu farið í viðtal sögðu 84,1 % að það hefði verið gagnlegt sem er talsverð hækkun frá fyrra ári og nokkuð yfir landsmeðaltali. Tíðni áreitni meðal hefur hækkað 11,8% frá fyrra ári, er yfir meðaltali. Við nánir skoðun þá segjast 7,9% hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki og 13,6 % frá foreldrum eða nemendum. Tíðni eineltis meðal starfsfólks hefur lækkað aftur á milli ára eða um 2,4% (4,5 % segjast hafa orðið fyrir einelti af samstarfsfólki og 4,5 % frá foreldrum eða nemendum). Fögnum við því en betur má ef duga skal.

**Viðhorf til skólans (allt starfsfólk)**

Matsþættir	Niðurst.	Viðmið
Starfsánægja í skólanum	5,0	5,1
Starfsandi innan skólans	5,1	5,0
Stjórnun skólans	4,8	5,0
Upplýsingastreymi innan skólans	4,6	4,7
Starfsaðstaða í skólanum	4,3	4,5

Starfsánægja í skólanum heldur áfram að hækka á milli ára og alveg við landsmeðaltali. 96% starfsmanna segjast á heildina litið vera ánægð í starfi, finnst hæfni þeirra vel nýtt og vita til hvers er ætlast af þeim í vinnunni. Gaman að sjá að 94,5 % segjast vera mjög eða frekar stolt af sýnu starfi. Flestum finnst starfsandinn vera góður og samstarf gott, hefur þetta hækkað nokkuð milli ára og erum við komin yfir landsmeðaltal. Stjórnun skólans heldur áfram að hækka á milli ára en er þó enn rétt undir landsmeðaltali. 95 % finnst þeir vera metnir að verðleikum af yfirmönnum, 96,5% segjast bera traust til yfirmanna sinna og 75% segjast fá hvatningu frá yfirmönnum sínum. Um 74% finnst upplýsingastreymi gott og hefur það hækkað um 4% á milli ára. En 44% finnst nýjir starfsmenn ekki fá nægilega þjálfun og fræðslu og hefur það hækkað 14% á milli ára. Um 60 % finnst vinnuaðstaða vera góð og hafa aðgang að þeim tækjum og gögnum sem til þarf og hefur það lækkað um 10%. Um 80%

segjast geta haft sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf, hefur það hækkað um 10%. 62% segja álag vera of mikið þegar á heildina er litið og hefur það hækkað um 25% á milli ára.

### Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurst.	Viðmið
Ánægja með kennarastarfið	4,8	4,8
Trú kennara skólans á eigin getu	4,0	4,8
Upplýsingamiðlun til foreldra	5,0	5,0
Tími í heimavinnu á viku	48,1 mín	45,7 mín
Undirbúningur kennslu í skólanum	79,6%	69,5%
Öllum bekknum kennt í einu	43,8 %	47,4%
Hópavinna í bekk	29,2%	28,5%
Einstaklingsvinna í bekk	23,4%	31,3%
Einstaklingsmiðuð kennsla	39,6%	45,8%
Áhersla kennara á námsmat með prófum	23,4%	21,3%
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	73,5%	74,5%
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	-

96 % kennara eru á heildina litið ánægðir með sitt starf eins og stendur það í stað. Um 47 % kennara fannst þeir hafa meiri eldmóð þegar þeir byrjuðu að kenna. Trú kennara á eigin getu fór nokkuð niður á síðasta ári og heldur áfram að lækka. Allir kennarar sem svöruðu könnuninni eru frekar eða mjög sammála því að þeir nái vel til nemenda og séu að ná góðum árangri með nemendahópinn. Þegar spurt er um námsmat leggja kennarar mikla áherslu á símat og leiðsagnarmat og hefur það aðeins lækkað milli ára. Það kemur líka fram að það eru aðeins 31,8% kennara sem leggja nokkra áherslu á samræmdu prófin og 68,2 % kennara leggja litla eða enga áherslu á þau til að fylgjast með framförum nemenda. En 24,5% leggja litla áherslu á að fylgjast með framförum eftir skimunarpróf og hefur það hækkað um 6,5% á milli ára og er það í takt við aukna áherslu á eftirfylgni í skólastarfi.

### Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurst.	Viðmið
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,3	4,7
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,5	4,8
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	4,9	4,9
Samráð um kennslu	5,5	5,1
Samvinna um kennslu	4,8	5,1

<b>Valddreifing við ákvarðanatöku</b>	<b>4,7</b>	<b>4,6</b>
<b>Virk samvinna um skólaþróun og umbætur</b>	<b>5,3</b>	<b>4,7</b>
<b>Vinnuaðstæður kennara</b>	<b>4,8</b>	<b>5,1</b>

37 % Kennara segjast sjaldan eða aldrei hafa aðgang að kennara eða öðru starfsfólki inni í skólastofu eða utan hennar til að aðstoða með nemendur sem eiga í námserfiðleikum,. 42% segjast sjaldan eða aldrei hafa aðgang að kennara eða öðru starfsfólki inni í skólastofu eða utan hennar til að aðstoða með nemendur sem eiga í hegðunarvanda og hefur hækkað töluvert frá síðasta. Rúm 77 % kennara segja stjórnendur ræða markmið náms við þá á fundum, það hefur hækkað milli ára og 85% segjast stjórnendur sjaldan eða aldrei fylgjast með kennslu í skólastofu og það hefur líka aðeins hækkað. 67 % segja að skólastjórnendur hafi sjaldan eða aldrei frumkvæði að því að ræða málin þegar kennari á í vanda í kennslustofunni og 60 % segjast fá hrós frá stórnendum. Samvinna og samráð virðist vera í flestum tilfellum góð, kennarar á unglíngastigi eru langt fyrir ofan landsmeðaltal í þessum þætti. En kennarar fylgjast almennt ekki með kennslu annarra kennara og þverfagleg vinna er ekki mikil í daglegu starfi. Langflestir eru ánægðir með valddreifingu í ákvarðanatöku og finnst skólastjórnendur taka mark á ráðleggingum sínum og hefur það hækkað um 7% á milli ára. Rúm 67 % finnst vinnuaðastaða í skólanum hamla samvinnu. En gaman að sjá að um 78% finnst aðstaðan í skólanum hrein og aðlaðandi.

### Mat og endurgjöf

<b>Matsþættir</b>	<b>Niðurst.</b>	<b>Viðmið</b>
<b>Umfang mats og endurgjafar</b>	<b>55,3%</b>	<b>61,8%</b>
<b>Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara</b>	<b>50,0%</b>	<b>46,3%</b>
<b>Sanngirni mats og endurgjafar</b>	<b>83,3%</b>	<b>90,3%</b>
<b>Gagnsemi mats og endurgjafar</b>	<b>91,7%</b>	<b>87,1 %</b>
<b>Nýting á niðurstöðum kennaramats</b>	<b>4,5</b>	<b>4,4%</b>

Rúm 51% segjast hafa fengið sjaldan en 1x á ári eða aldrei fengið mat eða endurgjöf frá skólastjórnendum, 60% frá öðrum kennurum og rúm 78% frá utanaðkomandi aðilum varðandi starf sitt. 50 % kennara finnst mat og endurgjöf stjórnenda í daglegu starfi vera of lítil eða allt of lítil og hefur þessi þáttur lækkað um 13% á milli ára að sama skap telur 50 % hana hæfilega og hefur það hækkað um 13% á milli ára. GRV er þó nokkuð undir landsmeðaltali í þessu og þarf því að bæta þessu inn í skólastarfið. Tæp 92% kennara telja að mat og endurgjöf gagnist til að bæta starf sitt í skólanum, hefur þessi þáttur hækkað um 22,2% á milli ára og erum við töluvert yfir landsmeðaltali. Um 32% kennara telja stjórnendur ekki nýta mat á kennurum t.d. um slaka frammistöðu en var í 50% í fyrra.

Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurst.	Viðmið
Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár	17,5 dagar	13,6 dagar
Símenntunarpörf kennara	6,4	5,4
Símenntunarpörf kennara (annað)	-	-
Form símenntunar sem óskað er eftir	-	-
Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.	82,6 %	58,6%
Hindranir í símenntun kennara	-	-

Símenntunar dögum hefur fækkað um einn dag á milli ára. En þörfin fyrir endurmenntun hefur aukist á öllum sviðum. 72,3% finnst þeir hafa nokkra og mikla þörf fyrir endurmenntun **sem eykur þekkingu á inntaki og markmiðum aðalnámsskrár**, 80 % fyrir **násmati**, 50 % fyrir **skipulagningu kennslustunda**, 74 % fyrir **skilningi og kunnáttu á aðalkennslugreinum sínum** 91 % fyrir **nýjungum og þróun í kennslufræðum**, 91 % fyrir **færni í upplýsinga- og samskiptatækni sem nýtist til kennslu** og 90 % fyrir **kennslu nemenda með sérþarfir eða sérstakan stuðning**, 89% fyrir **hegðunar og agamál**, 91 % fyrir **kennslu í fjölmenningarumhverfi**, 75 % fyrir **ráðgjöf til nemenda**, 57 % fyrir **foreldra samstarf**. Flestir óska eftir aukningu á fyrirlestrum, námskeiðum, fyrirlestrum á netinu og samstarfsverkefnum með kennurum í skólanum. Helstu hindranir í símenntun er kostnaður og of lítið svigrúm vegna vinnutíma.

**Opin svör**

Starfsfólk var beðið um að lýsa því hvað því þykir gott við skólann.

**Almennt**

- Allir virðast vera mjög lífsglaðir og jákvæðir:)
- Alltaf gaman í vinnunni
- Afslappað andrúmsloft og þægilegt umhverfi
- Heimilslegur, allir þekkja alla
- Gamall traustur skóli
- Skólahúsnæðið orðið gamalt og lúið en nemendur og kennarar lífga það upp með verkefnum og listaverkum
- Góð aðstaða
- Börnin, skemmtilegir nemendur
- Áhugasamir og flottir nemendur, velvild nærsamfélags í garð skólans
- Góðir foreldrar
- Áhersla á vellíðan barna

**Stjórnun**

- Andrúmsloft starfsfólks er mjög gott, og stjórnendur sýna alltaf skilning ef eitthvað bjátar á hjá manni, eru sveigjanlegir til að aðstoða og koma til móts við mann
- Stjórnendur sanngjarnir, gott að leita til þeirra, þeir leysa vel úr þeim málum sem upp koma
- Starfsfólk og stjórnendur innan skólans góður hópur, vinnur vel saman og oftast mjög svo tilbúið að leysa öll mál í sameiningu, leggja sig vel fram

- Tekið fljótt á vandamálum sem koma upp
- Stjórnendur eru mannlegir og taka vel á málum, að mínu viti, finn ekki fyrir stéttaskiptingu hjá þeim eða kennurum.
- Jákvæðir stjórnendur
- Stjórnendur tilbúnir að koma til móts við starfsfólk og eru hvetjandi þegar kemur að endurmenntun

### Starfsfólk og starfsandi

- Metnaðarfullt starfsfólk (mjög oft nefnt)
- Gott samstarfsfólk og **góður starfsandi**. (mikið nefnt)
- Starfsfólk er hjálpsamt
- Oft góðar og gagnlegar umræður. Gott að leita til samstarfskennara.
- Samheldni
- Gott starfsfólk sem hefur gaman af því að vinna með börnum og ber hag nemenda fyrir brjósti
- Skemmtilegur og góður vinnustaður sem hefur verið að þróast í góða átt á síðustu árum. Gaman að sjá hvað kennarar eru mentaðarfullir í starfi sínu og einnig annað starfsfólk innan skólans.
- Skólabragurinn, kennslureynsla, nemendur og starfsfólk sem er tilbúið að gera góðan skóla betri.
- Starfsfólkið er gott og faglegt. Það leitar allra leiða til að nemendur þeirra nái árangri
- Allir að gera sitt besta og vilji til að gera betur
- Áhugasamt starfsfólk tilbúið til starfsþróunar og metnaður til að vera í fremstu röð
- Frábær starfs- og námráðgjafi sem er að vinna mikið og gott starf

### Lestur

- Frábært hvað er að gerast hjá okkur í lestrarkennslu.
- Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræði UTÁ, allir tala eins til barnanna og taka eins á málum.
- Skýr lestrarstefna, unnið eftir Leið til læsis við lestrakennslu og allir vinna með Orð af orði
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt verkefni.
- Þróun í námsmati, frammistöðumatið. Mikil og fjölbreytt verkleg kennsla, margt spennandi að gerast í forritun og tækni.

### Nemendur og stuðningur

- Hæfilegar bekkjarstærðir í flestum bekkjardeildum
- Gott aðgengi að námsveri
- Gott starf fer fram í námsveri og mikill stuðningur þar og ráðgjöf fyrir kennara
- Oftast góður stuðningur við nemendur með sérþarfir, skiptir máli að komið sé til móts við þá og við höfum aðstöðu fyrir þá
- Nemendur almennt kurteisir og góður agi ríkir í skólanum, þó alltaf megi gera betur

### Annað

- Dansinn :)
- Húsvörðurinn eins og vindurinn..fljótur að leysa úr málum.
- Fjölskylduvænt vinnuumhverfi

**Starfsfólk var einnig beðið um að lýsa því hvað því þykir sérstaklega slæmt við skólann.**

### Upplýsingaflæði

- Allt upplýsingaflæði mætti vera betra ( kom fram hjá mörgum)
- Að allir starfshópar fái upplýsingar. Það gleymist stundum að láta sérkennara, skólaliða og stuðningsfulltrúa vita ef breytingar verða á tímum eða það falla niður tímar.
- Samskiptaleysi t.d. upplýsingar um njálg og lús skili sér til skólaliða
- Mætti bæta upplýsingar um fjarveru starfsmanna

### Stjórnun

- Of mikið um boð frá stjórnendum um uppbrot í kennslu t.d. fyrirlestrar/upplestur á sal fyrir nemendur. Mætti vera valfrjálst að fara með nemendahópa
- Of mili áhersla á hollustu og hreyfingu á kostnað faglegs starfs
- Skólastjórnendur þurfa að sinna of mikilli pappírsvinnu og eru því ekki sýnilegir í skólastarfinu
- Sýnilegri stjórnun og eftirfylgni við nemendur og starfsfólk
- Ákveðnari stjórnendur
- Vantar náms- og starfsráðgjafa í 100% starf og skólasálfræðing við skólann. Vantar að koma fleiri nemendum í námsráðgjöf og viðtöl til þessara fagaðila
- Þarf að nýta betur menntun sem kennarar hafa
- Hvatningu frá stjórnendum
- Skilar sér ekki nógu vel að hafa einn stjórnandi í tveim skólahúsnæðum. Tel að það komi betur út að hafa einn skólastjóra í hvoru húsnæði, þá hafa allir hagsmunaaðilar skólans öruggan aðgang að skólastjóra hverju sinni.

### Yfirstjórnun

- Er ekki sátt við skólaskrifstofu og oft finnst mér ekki nógur skilningur fyrir hlutunum þar, spara oft á röngum stöðum og gefa okkur í skólanum ekki svigrúm til þess að gera okkar besta. Skólahúsnæði og aðbúnaður í húsunum ekki ásættanlegur að ýmsu leyti.
- Skólaskrifstofa og sveitastjórn mætti styðja betur við starf skólans
- Vantraust frá Ráðhúsinu til starfsfólks skólans er að trufla starfsandann og er það eitthvað sem stjórnendur og fræðsluráð þarf að fara að vinna í í sameiningu.
- Skólasamfélagið dansar ekki alltaf í takt

### Hegðunarvandamál

- Ekki næg raunhæf, úrræði vegna nemenda með hegðunarvanda.
- Agaleysi og óhlýðni nemenda, vantar skýrari mörk
- Nemendur mættu virða betur settar reglur og koma betur fram við hvern annan og starfsfólk, sama hvaða starfi þeir gegna
- Símanotkun nemenda alveg farin úr böndunum

### Húsnæði, aðstaða og skólalóð

- Endurbætur og viðhald á húsnæði BS t.d. salernisaðstaða starfsmanna, gólfdukar á kaffistofu og stigaprepum, milliherbergi og leka vandamál í austur skóla
- Kaffistofur of litlar, ekki pláss fyrir allt starfsfólk í kaffitímum
- Ekki nægilegt pláss
- Vantar fleiri rými til samvinnu kennara og fyrir nemendur sem þurfa að fá að komast út úr tíma
- Vantar samkomusal, mötuneyti í Hamarsskóla og stærra og betra rými fyrir sérkennslu. Öll skúmaskot nýtt og stundum erfitt að finna afdrep til að lestarprófa eða ræða við nemendur ef eitthvað kemur upp á.
- Vinnuaðstaða ekki góð, viðhald húsnæðis og gagna mætti vera betri
- Starfsfólki vantar aðgang að læstum skápum fyrir persónulega muni
- Skólalóðirnar úrelltar og kalla á nauðsynlegar endurbætur, vantar meiri afþreyingu á skólalóðir
- Þarf að bæta aðstöðu nemenda á bókasafninu, þyrfti að útbúa sérstaka námsaðstöðu þar sem nemendur geta lært í skólanum, lesið og þar hafi þau aðgang af tölvu við lærdóminn (hér er ekki átt við tölvustofu né tölvu afþreyingu).
- Skólabókasafn og safnkennari mjög illa nýtt
- Áhöld til ræstinga orðin ansi þreytt og sum löngu úrelt, spurning um forgangsröðun, hægt að spara í hreinsiefnum og kaupa nýja vagna



**Starfsmannamál**

- Vantar oft afleysingar og lítið gert til að bæta úr því
- Mér finnst það vanta að láta nýtt starfsfólk vita að börnin hafi forgang, þ.e. að kennarar geti nýtt sér gangaverði til að aðstoða sig með börnin
- Það mættu fleiri taka frumkvæði og fylgja því eftir
- Þarf skýrari og afmarkaðri verkaskiptingu á milli þroskaþjálfara, námsráðgjafa og sálfræðings miðað við aðgengi starfsfólks að þessum fagaðilum undan farin tvö ár
- Starfsfólk þarf fyrst og fremst að muna að við sem starfsfólk og fyrirmyndir getum ekki leyft okkur það sem við bönnum nemendum okkar
- Mikið álag

**Samstarf**

- Samfélagið þarf að virkja og auka metnað foreldra og nemenda
- Mætti gefa starfsfólki betri tíma til samræðna um málefni skólans og framtíðarskipulag

**Tæknimál**

- Tölvukostur skólans þarf að bæta – verðum að halda okkur á tánum til halda í við þróunina í tæknimálum
- Tölvur eru mjög hægvirkar
- Þarf að nútíma væða skólann meira, fleiri og betri aðgangur að tölvum fyrir nemendur
- Betri tölvur og net fyrir kennara og nemendur
- Þarf að endurnýja tölvur kennarar, frábært ef hver kennari fengi fartölvu / spjaldtölvu til afnota

**Annað**

- Neikvæðni í garð skólasamfélagsins og virðing foreldra við vinnu nemenda sbr. leyfisbeiðnir á skólatíma barnanna.
- Stundskrá þarf að endurskoða og nestismálin þ.e. að nemendur megi koma með nesti að heiman
- Vantar nútíma húsgögn og hirslur í kennslustofur
- Mættu vera betri laun
- Mér finnst bara ekkert slæmt ;-)